

32. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum og skulu refsímál rekin að hætti opinberra mála.

Lögreglusamþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, nr. 1 3. janúar 1890, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er numin úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 2 7. janúar 1930, með áorðnum breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. desember 1987.

Jón Sigurðsson.

Ólafur W. Stefánsson.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Húsavíkurkaupstað.

I. KAFLI

Um reglur og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppbot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferð eða til óþæginda fyrir viðstadda.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi og svæði sem almenningur fer um eða ætluð eru til almenningsnota. Um veitingastaði, umferðamiðstöðvar, verslanir, opinberar stofnanir, kvikmyndahús, leikhús og önnur samkomuhús gilda ákvæði samþykktar þessarar eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, skal fólk raða sér þannig að þeir sem fyrstir koma fái fyrst aðgang og haga sér í öllu eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til að viðhalda góðri reglu.

3. gr.

Þeir sem hyggjast efna til útifunda eða fara í hópögngu skulu tilkynna það lögreglustjóra með hæfilegum fyrirvara. Tilkynningu um hópögngu skal fylgja nákvæm lýsing á fyrirhuguðum gönguleiðum, og er lögreglustjóra heimilt að breyta þeim á hvaða stigi sem er, ef hann telur nauðsyn bera til.

4. gr.

Við sjúkrahús og elliheimili og annars staðar á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, kalla, blístra, syngja hátt eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi háttalag, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur eða þá sem búa í nágrenninu.

5. gr.

Bannað er að hafast að nokkuð það sem raskar næturró manna að óþörfu. Enginn má að ástæðulausu berja á dyr, glugga eða hús að utan, né heldur hringja dyrabjöllu, dyrasíma eða aðhafast neitt það sem ónáðar eða móðgar heimilisfólk eða veldur því ótta.

6. gr.

Á götum og vegum eða þar sem hætta stafar af má ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, hjólabrettum, skautum, sledum eða iðka leiki, skemmtanir eða íþróttir þannig að hætta eða umferðartruflun geti af hlotist. Einnig er bannað að hanga utan á farartækjum sem eru á ferð eða festa við þau það sem óþægindi eða hætta getur stafað af.

7. gr.

Bannað er að skjóta af byssu eða öðrum skotvopnum í eða nálægt byggð í kaupstaðnum, nema á æfingasvæðum sem lögreglustjóri heimilar. Hlaðin skotvopn má ekki bera á götum bæjarins eða annars staðar á almannafæri. Þá er öll meðferð skotvopna bönnuð í landi kaupstaðarins neðan þjóðvegur nr. 85, á tímabilinu frá 15. apríl til 15. ágúst ár hvert. Á almannafæri má ekki kveikja í eldfimum efnum eða sprengiefnum, þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á, svo sem um áramót.

Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar má aðeins gera með sérstöku samþykki lögreglustjóra og ber bæði verkstjóri og sá, sem mannvirkið er unnið fyrir, ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt.

Sprengiefni eða önnur slík eldfim efni má hvorki hafa í íbúðarhúsum né annars staðar þar sem hætta stafar af. Sprengiefni má aðeins geyma á stöðum sem lögreglustjóri samþykkir.

8. gr.

Bannað er að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannafæri svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt.

9. gr.

Menn, sem eru áberandi ölvaðir eða undir sterkum áhrifum annarra vímugjafa á almannafæri skulu vistaðir í fangageymslum lögreglunnar telji hún slíkt nauðsynlegt. Skulu þeir þá sæta refsíabyrgð skv. samþykkt þessari, áfengislögum eða öðrum viðeigandi lagafyrirmælum.

10. gr.

Óheimilt er að villa á sér heimildir og er hver sá sem staddur er á almannafæri skyldur að segja til nafns síns og heimilisfangs og sýna persónuskilríki ef lögreglan krefst þess.

11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum lögmætum skipunum lögreglu. Ef nauðsyn ber til getur lögreglan kvatt sér til aðstodar hvern fulltíða mann sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri. Heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum fyrir tjón er þeir kunna að bíða við það eftir almennum reglum.

II. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

12. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda eða umráðamanns má enginn láta fyrirberast á afgirtum svæðum, húslóðum, eða öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús.

13. gr.

Óheimilt er að stunda á almannaferi atvinnu, sem er til tálmunar fyrir umferðina. Sala hvers konar varnings utan sölubúða og farandsala er bönnuð nema með leyfi lögreglustjóra, þó má án sérstakrar heimildar selja á almannaferi blöð, bæklinga, merki, happdrættismiða, dagskrár og aðgöngumiða og annað þessu skylt. Ef ágreiningur ris, sker lögreglustjóri úr.

14. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum Húsavíkurkaupstaðar.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti nema hann hafi fengið til þess leyfi slökkviliðsstjóra eða umsjónarmanns vatnsveitu.

Enginn má snerta við brunaboðum bæjarins nema hann þurfi að gera vart við eldsvoða.

Enginn má færa til eða skemma rafmagns- eða símaleiðslur. Verði einhver valdur að slíku óviljandi skal tilkynna það þegar í stað til hlutadeigandi stofnunar.

15. gr.

Á alfaraveg má ekki leggja eða setja neitt, sem tálmar umferðina, frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga, og skal þess þá ætíð gætt, að valda sem minnstum hindrunum. Að flutningi loknum skal vandlega hreinsa svæðið, sem notað var. Flutningatæki mega ekki standa á götum eða vegum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þau eða tæma.

Verði misbrestur á eflögrelustjóra heimilt að láta fjarlægja varning og eða flutningatæki á kostnað eiganda. Bæjarstjórn ákveður, í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum vagnar eða bifreiðar mega standa, og setur sérstakar reglur þar að lútandi.

Á alfaravegi má ekki vinna neina þá vinnu, sem tálmar umferð manna eða gerir hana hættulega, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

16. gr.

Enginn má gera skurði í götur eða torg Húsavíkurkaupstaðar eða alfaravegi hvar sem er, nema hann hafi til þess leyfi hlutadeigandi stjórnvalda. Fáist slíkt leyfi, skal verkið unnið þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal gæta þess, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmanir, með nægilega greinilegum ljósum eða endurskinsmerkjum, frá því fer að skyggja að kvöldi og þar til albjart er orðið að morgni.

Að öðru leyti gera hlutadeigandi stjórnvöld þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Ef slík verk dragast úr hófi fram, getur bæjarstjórn og lögreglustjóri eða hvor um sig látið ljúka verkinu og sett götur, torg og vegi í samt lag aftur á kostnað þess, er verkið átti að framkvæma.

17. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við því að það hrynji, eða einhver hluti þess og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það, eða endurbæta það innan tiltekins tíma, svo sem þörf gerist til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra.

Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg eða annarri girðingu liggur við falli eða hruni.

Nú brennur hús eða mannvirki eða það er flutt burt án þess, að annað sé byggt í staðinn, og er þá eiganda þess eða umráðamanni hans skylt að ganga svo frá rústunum, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óþrýði af.

18. gr.

Þegar hús eru byggð að nýju eða eldri hús rifin og byggð upp að nokkru eða öllu leyti, skal eigandanum, ef húsið liggur við götu eða svæði, sem almenningur fer um, skylt að skýra lögreglustjóra svo frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til að afstýra hættu, farartálma eða óþægindum fyrir vegfarendur.

Verkfæri og efni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og eigi má það liggja lengur en nauðsyn krefur. Efni og úrgang skal eigandinn fjarlægja strax og hægt er vegna verkefnis þess sem unnið er að.

19. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður sem notaður er við húsasmíðar eða önnur mannvirki eða viðgerðir á þeim skal vera nægilega traust.

Heimilt er lögreglustjóra að gera ráðstafanir hér að lútandi. Lausir stigar sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott og þess háttar skulu vera nægilega traustir og skulu ætíð felldir þegar ekki er verið að nota þá.

20. gr.

Eigi má hengja utan á hús vöruskápa, sjálf sala, auglýsingaspjöld eða annað þess háttar, ef það veldur óþægindum á almannafæri að dómi lögreglustjóra.

Leyfi byggingarnefnaþarf til að setja upp föst auglýsingaspjöld eða varanlegar auglýsingar.

21. gr.

Áhöld sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg skulu vera nægilega traust. Ef slík áhöld eru skilin eftir á vinnustað þegar vinnustaður er yfirgefinn skal ganga frá þeim á tryggilegan hátt svo að ekki hljótist af slys eða hætta fyrir vegfarendur. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar eða fyrirmælum lögreglustjóra hér að lútandi eru á ábyrgð þess sem verkið vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

22. gr.

Húseigendum er skylt að hreinsa ís og snjó af húspökum, ef vegfarendum getur stafað hætta af. Bannað er að hafa þakjárn eða annað plötuefni laust úti, og er það á ábyrgð eigenda ef slíkt fýkur öðrum til tjóns og meiðsla. Sama gildir um spýtnarusl og annað þess háttar sem meiðslum eða skemmdum getur valdið ef fýkur.

23. gr.

Báta eða aðra slíka hluti sem tálmað getur umferð, má aldrei setja á vegi, stræti eða annan alfaraveg eða svo nærri að nokkur hluti þess gangi inn á veginn eða yfir hann og getur bæjarstjórn og lögreglustjóri eða hvor um sig, látið færa slíka muni í burtu á kostnað umráðamanns ef hann gerir það ekki sjálfur eftir að hafa verið aðvaraður.

24. gr.

Á hafnarmannvirkjum og fjöru má ekki skilja eftir eða kasta neinu sem tjóni getur valdið skipum, bátum, mannvirkjum eða á nokkurn hátt hindrað umferð.

III. KAFLI

Um umferð á götum o.fl.

25. gr.

Fasta afgreiðslu flutningabifreiða, leigubifreiða og vörubifreiða má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað sem bæjarstjórn hefur samþykkt til slíkra afnota.

Bæjarstjórn getur veitt leyfi í óákveðinn tíma eða tiltekinn tíma í senn, takmarkað það við tiltekinn fjölda bifreiða og yfirleitt bundið leyfi þeim skilyrðum er nauðsynleg eru að hennar dómi. Sé skilyrðum bæjarstjórnar fyrir slíku leyfi ekki fylgt eða ef ástæður breytast verulega að hennar dómi, getur hún fellt leyfið úr gildi fyrirvaralaust.

Lögreglustjóri getur að fenginni tillögu bæjarstjórnar takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð telst hættuleg eða er til sérstakra óþæginda fyrir aðra umferð. Einnig getur lögreglustjóri takmarkað bifreiðaferðir innanbæjar að næturlagi.

26. gr.

Bifreiðastjórum er algjörlega bannað að nota flautur bifreiða sinna að ástæðulausu. Bifreiðastjórar skulu gæta þess að valda eigi hávaða á annan hátt, einkum að kvöld- og næturlagi. Þeim ber að sjá um að farþegar í bifreiðum þeirra fari eigi með neinum hávaða er valdi ónæði. Óheimilt er að haga akstri þannig, er ökutæki er tekið af stað eða för þess flýtt skyndilega, að af stafi óeðlilegur hávaði.

27. gr.

Bannað er að leggja í íbúðarhverfum stórum vinnuvélum og vörubifreiðum, tankbifreiðum, sorpbifreiðum, sendiferðabifreiðum eða fólksflutningabifreiðum, sem eru 2½ tonn að eigin þyngd eða þyngri. Eigendum og umráðamönnum þessara tækja er skylt að nota sérstaklega merkt bílastæði sem ætluð eru stórum bifreiðum og vinnuvélum eða fara að öðru leyti eftir fyrirmælum lögreglunnar um geymslu þeirra.

Umferð ofangreindra bifreiða og vinnuvéla um íbúðarhverfi, er óheimil nema í atvinnuakstri eða af öðrum brýnum ástæðum. Þó getur bæjarstjórn í samráði við lögreglustjóra veitt undanþágu frá þessum reglum ef talið er að slíkt leiði ekki til slysahtættu, ónæðis eða óþæginda fyrir bæjarbúa. Óheimilt er að láta aflvélar kyrrstæðra bifreiða eða vinnuvéla ganga að óþörfu svo komast megi hjá loftmengun á almannafæri eða þar sem ætla má að það valdi óþægindum. Ökutæki eða varning má ekki skilja eftir á vegum lengur en brýna nauðsyn ber til og aldrei á gangstéttum. Heimilt er lögreglustjóra að láta fjarlægja slíkt á kostnað eiganda.

Bæjarstjórn getur ákveðið í samráði við lögreglustjóra hvar á vegum bifreiðar megi standa og getur sett reglur um notkun stöðureita og ákveðið gjald fyrir þær.

28. gr.

Allur akstur torfæruhjóla, (fjór hjól og önnur ámóta) er bannaður í landi Húsavíkurkaupstaðar nema á æfingasvæðum, sem lögreglustjóri heimilar og bæjarstjórn samþykkir, og við björgunarstörf. Allur akstur annarra vélknúinna ökutækja er óheimill utan vega eða vegaslóða, þar sem hætta er á spjöllum á gróðri eða náttúru, einnig á leikvöngum, leikvöllum, í skrudgarði og á öðrum slíkum stöðum, sem bæjarstjórn ákveður.

Reiðmenn skulu ávallt gæta fyllstu varkárni á götum Húsavíkurkaupstaðar og ekki ríða hraðan en töltferð.

Að öðru leyti gilda um umferð á götum bæjarins reglur þær sem settar eru í umferðarlögum, eins og þær eru á hverjum tíma.

IV. KAFLI

Um friðun almenningseigna o.fl.

29. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinna, né á annan hátt spilla almenningseignum, eða því sem ætlað er til almenningsnota. Enginn má rita, rispa, tjarga, teikna né mála á hús eða girðingar neitt það sem hneyksli getur valdið, skemmdum eða óþrýði. Enginn má heldur skemma girðingar þær, er standa um afgirt svæði, eða mannvirki. Bannað er að klifra yfir girðingar eða fara í gegnum þær nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Enginn má á nokkurn hátt vísitandi spilla nokkrum eignum kaupstaðarins. Sama gildir um eigur einstaklinga. Komi slíkt fyrir, skal sá er veldur bæta fullum bótum þann skaða sem hann veldur.

30. gr.

Enginn má skemma, troða né spilla á annan hátt ræktuðum blettum, túnum, matjurtagörðum eða skrudgörðum manna, hvort sem er girt eða ógirt. Ekki má heldur skemma plöntur né á nokkurn hátt spilla neinu á grasreitum eða saurga þá á nokkurn hátt. Girðingum má ekki spilla né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður.

31. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningarstaði sína og tjaldstæði eða þar sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi, hvar sem er í landi kaupstaðarins. Ber að hreinsa vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, áður en staðurinn er yfirgefinn. Óheimilt er að kveikja eld eða brenna rusl og sorp í landi kaupstaðarins, nema með leyfi lögreglustjóra.

Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri. Óheimilt er að brenna sinu eftir 1. maí ár hvert.

V. KAFLI

Götunöfn, húsúmer og um uppfestar auglýsingar.

32. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götur og lætur festa upp nafnspjöld, þar sem þurfa þykir. Húseigendur skulu festa á hús sín töluspjöld til að tákna húsaröð og skulu þeir halda þeim við á sinn kostnað og endurnýja, ef á þarf að halda.

33. gr.

Bæjarstjórn ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnvöldum. Auglýsingar um sjónleiki, sýningar, samsöngva og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er, með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

34. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigandi taka niður þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær þeim óviðkomandi, óhreinna eða gera ólæsilegar á annan hátt.

VI. KAFLI

Um veitingastaði, samkomuhús, skemmtanir o.fl.

35. gr.

Leyfi lögreglustjóra þarf til að reka veitingasölu. Áður en lögreglustjóri veitir slíkt leyfi skal hann leita álits bæjarstjórnar, eldvarnaeftirlits, vinnueftirlits og heilbrigðisnefndar.

Leyfi lögreglustjóra þarf til hvers konar skemmtanahalds sem seldur er aðgangur að. Allir veitingastaðir og gististaðir fyrir almenning skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni jafnan heimill umgangur um húsakynni þau sem notuð eru við reksturinn. Á öllum gististöðum skal haldinn nákvæm gestaskrá.

36. gr.

Hverjum, sem hefur á hendi veitingasölu, heldur dansleiki og aðrar skemmtanir eða selur gistingu, er skylt að afstýra því, að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans, danshúsi eða gistihúsi, sem er á móti góðri reglu og velsæmi. Skal hann sjá um að loftræsting og þrifnaður sé í góðu lagi. Verði misbrestur á í þessu efni er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar eða skemmtanir á þessum stöðum um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef ekki er þegar bætt úr ágöllum að gefinni viðvörun.

37. gr.

Unglingum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20.00, öðrum en sérstökum unglingaskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háð eru sérstöku eftirliti.

Ungmennum yngri en 18 ára er óheimil dvöl eftir kl. 20.00 á veitingastað, þar sem áfengisveitingar eru leyfðar nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka. Forstöðumönnum danshúsa og dansleikja er skylt að fylgjast með því að ákvæði þessi séu haldin að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingarekstrar eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

38. gr.

Öllum veitinga- og gististöðum skal lokað eigi síðar en kl. 23.30, og skulu að minnsta kosti vera lokaðir fram til kl. 06.00 að morgni. Allir gestir, sem ekki eiga þar náttstað, skulu vera á brott innan hálftrar stundar frá því að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er. Lögreglustjóri getur veitt leyfi til þess að skemmtanir og aðrar samkomur standi lengur en til kl. 23.30.

39. gr.

Enginn má reka knattborð, spilakassa eða leiktæki nema með leyfi lögreglustjóra að fengnu samþykki bæjarstjórnar. Leyfið skal ekki veitt lengur en til eins árs í senn og er óframseljanlegt. Bæjarstjórn ákveður gjald fyrir leyfið. Sé rekstur leiktækja hluti af æskulýðs- og félagsstarfsemi er heimilt að lækka eða fella niður leyfisgjaldið. Leyfið skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til reksturs í því húsnæði er hann hefur, þegar leyfið er veitt. Leyfi má einungis veita sé húsnæðið sem ætlað er til rekstursins til þess hæft að dómi heilbrigðisnefndar og eldvarnaeftirlits.

Unglingum innan 14 ára aldurs er óheimill aðgangur og dvöl á knattborðs- og leiktækjastofum. Aldur miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag. Starfsmenn við slík tæki skulu ekki vera undir 18 ára aldri.

Aðgangur að knattborðum, spilakössum og leiktækjum, skal einungis heimill frá kl. 15.00 til kl. 23.30 dag hvern að undanskildum föstudeginum langa og fyrri degi stórhátíða þjóðkirkjunnar, aðfangadegi, gamlársdegi og nýársdegi. Lögreglustjóri getur veitt undanþágu frá ákvæðum um opnunartíma. Ákvæði 38. og 39. gr. taka til þessarar starfsemi eftir því sem við á.

Brot gegn ákvæðum þessarar samþykktar um aldursmörk varða sviptingu leyfis. Ef leyfishafi brýtur að öðru leyti gegn þeim eða reksturinn veldur ónæði í nærliggjandi húsum eða þykir ekki fara vel úr hendi, getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

40. gr.

Föst kvikmyndahús eða leikhús má ekki starfrækja í bænum nema með leyfi lögreglustjóra og að fenginni umsögn bæjarstjórnar.

Heimilt er að binda leyfið skilyrðum um greiðslu leyfisgjalds í bæjarsjóð, og tiltekur bæjarstjórn þá fjárhæð þess.

41. gr.

Hver sá, sem heldur skemmtanir eða aðrar samkomur, skal sjá um að ekkert það fari fram, sem brýtur í bága við reglur og velsæmi.

Ef brestur verður á þessu er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum sem viðstaddir eru að fara í burtu.

Lögreglustjóri getur bannað þeim mönnum aðgang að samkomu sem ítrekað hafa hagað sér þar ósæmilega.

42. gr.

Um útivistartíma barna skal fara eftir gildandi lögum og reglugerðum.

Hvers konar þjónusta við börn og ungmenni eftir löglegan útivistartíma, önnur en heimflutningur, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess er þjónustuna veitir.

VII. KAFLI

Um samgöngur við skip.

43. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, ef hann telur þess þörf, til þess að halda uppi velsæmi og góðri reglu að banna samgöngur við erlend skip.

VIII. KAFLI

Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

44. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neysluvatni manna hvort heldur er rennandi vatni í ám, lækjum eða vatnsleiðslum eða þróm og brunnum eða öðru vatni sem menn nota í atvinnurekstri, t.d. til fiskverkunar og fiskeldis. Vatnsból skulu vera vel varin fyrir öllum óþrifnaði og þess stranglega gætt, að skólpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé eigi hellt á þann veg að runnið geti að þeim.

45. gr.

Á almannafæri, innan hafnarinnar og á fjörum má eigi fleygja eða skilja eftir yfirleitt nokkuð það, sem valdið getur óheilmæmi, óþrifnaði, tálmunum eða óþrýði.

Aðeins er heimilt að henda mold, grjóti, sorpi og öðrum úrgangi á staði sem til þess eru ætlaðir og bæjaryfivöld vísa á til þeirra nota.

Hvers kyns taka og tilfærsla jarðfna eða annað jarðrask, svo sem taka á grjóti eða sandi, er óheimil í bæjarlandinu nema með samþykki bæjaryfirvalda.

46. gr.

Tunnur eða önnur ílát með sorpi, slori eða því um líku má ekki láta standa á almannafæri né heldur hafa nokkuð laust eða í ílátum sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

Þeir sem flytja vörur, fisk, fiskúrgang og annað um götur bæjarins skulu gæta þess vandlega að flutningatæki séu þannig gerð og hleðslu þannig háttáð að ekki valdi óþrifnaði.

Fokgjörn efni má aðeins flytja um götur bæjarins í lokuðum vögnun, vel þéttum.

Ef eitthvað losnar af við flutninginn, fermingu eða affermingu skal sá er flytur skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

Pallbifreiðar skulu þannig útbúnar að auk skjólbörða sé traustur gafl eða vör á enda pallsins þegar flutt eru efni eða varningur sem hætt er við að hrynji úr.

47. gr.

Eigendur verslana og söluturna skulu annast hreinsun á öllu rusli, sem hlýst af rekstrinum, a.m.k. daglega. Þeir skulu koma upp sorpkössum og tæma þá. Þeir skulu ganga tryggilega frá sorpgeymslum og hreinsa upp allt rusl sem berast kann út á aðliggjandi götur, torg eða lóðir.

48. gr.

Bannað er að setja upp girðingar sem geta valdið vegfarendum hættu eða óþægindum, t.d. úr gaddavír eða öðrum slíkum efnum. Skylt er húseigendum að halda vel við girðingum umhverfis lóðir sínar og sjá um að haldið sé hreinum portum og annarri óbyggðri lóð í kringum hús þeirra. Enginn má fleygja sorpi né öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns eða stuðla að því að slíkt berist inn á lóðina. Hver sem gerist sekur um slíkt skal flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að aftra því að óhreinindi berist út af lóð hans.

Eiganda eða umráðamanni húss eða mannvirkis er skylt að halda eigninni vel við, hreinni og snyrtilegri svo og tilheyrandi lóð og girðingum. Óheimilt er að geyma hvers kyns drasl, ógangfærar bifreiðar, bílhæ eða þ.u.l. á lóðum þannig að það snúi að almannafæri. Óheimilt er að geyma hjólhýsi, báta eða óskrásettar bifreiðar eða önnur ökutæki á bifreiðastæðum bæjarins, við götur eða á almannafæri. Lögreglu eða bæjaryfirvöldum er heimilt að fjarlægja slíka hluti á kostnað og ábyrgð eiganda að undangenginni almennri áskorun sem birt er í bæjar- eða dagblöðum eða sérstakri áskorun sé vitneskja um eiganda.

Þó skulu bæjaryfirvöld bera ábyrgð á vörslu á ofangreindum tækjum í allt að 7 daga. Tilkynna skal eiganda um töku eignanna og vörslustað og skal hann vitja þeirra innan framangreinds tíma. Ella er bæjaryfirvöldum heimilt að selja ofangreindar eignir fyrir kostnaði eða farga þeim.

Að undangenginni almennri auglýsingu bæjaryfirvalda er heimilt að hreinsa lóðir á kostnað eiganda eða umráðamanns. Hreinsunardeild bæjarins er heimilt að halda hlutum sem fjarlægðir voru, til tryggingar því að hreinsunarkostnaður á lóðinni verði greiddur.

Bæjarsjóður ber ekki ábyrgð á tjóni sem verður á hlut við framangreinda hreinsun.

Auk ákvæða þessa kafla gilda ákvæði heilbrigðisreglugerðar eftir því sem við á.

IX. KAFLI

Um skepnuhald o.fl.

49. gr.

Hundahald er bannað í kaupstaðnum, nema með leyfi bæjarstjórnar. Reglur um skilyrði fyrir leyfi til hundahalds eru í sérstakri reglugerð um hundahald á Húsavík.

50. gr.

Þeir hundar sem ekki er leyfi til að halda, skulu teknir og færðir í sérstaka hundageymslu á vegum bæjarins. Þar skulu hundar geymdir í allt að tvo sólarhringa, meðan eigendum gefst kostur á að koma þeim fyrir til frambúðar utan marka kaupstaðarins. Kostnaður við töku og geymslu hundanna skal að fullu greiddur af eigendum. Hirði eigendur þessara hunda ekki um að koma þeim í vörslu utan kaupstaðarins innan tveggja sólarhringa, né greiði af þeim áfallinn kostnað, skulu hundarnir aflífaðir.

51. gr.

Hunda sem ráðast á menn og skepnum, skal fjarlægja þegar í stað. Lögreglustjóri tekur ákvörðun um hvernig með skuli fara og má hann ákveða afturköllun leyfis með aflifun hunds.

52. gr.

Búfjárhald (nautgripa, hrossa, svína, sauðfjár, loðdýra og alifugla) er bannað í kaupstaðnum, nema með leyfi bæjarstjórnar. Reglur um skilyrði fyrir leyfi til búfjárhalds eru í sérstakri reglugerð um búfjárhald á Húsavík.

53. gr.

Ef búfé gengur laust í kaupstaðnum, skal lögreglan hlutast til um það með tilstyrk bæjarstjórnar, að það sé handsamað og fært til geymslu á vegum bæjarins. Sé búfénaður ekki leystur út innan viku, gegn greiðslu kostnaðar og bóta vegna tjóns, sem hann kann að hafa valdið, skal hann seldur á opinberu uppboði eða honum slátrað. Einnig mega þeir sem fyrir ágangi verða láta handsama ágangsfénað, en skýra skulu þeir lögreglunni frá því tafarlaust. Allan kostnað af þessum aðgerðum skulu eigendur búfjárins greiða. Jafnframt skulu þeir, eða umráðamenn ágangsfénaðar sæta sektum, ef rekja má ágang búfjár til vanrækslu þeirra.

54. gr.

Sé búfé haldið án heimildar skal búfjáreigandi sviptur vörslu þess og það selt á opinberu uppboði, eða því slátrað. Allan kostnað, sem af þessu hlýst, skal eigandi greiða.

55. gr.

Alla flækingsketti, sem enginn eigandi finnst að, er lögreglunni heimilt að aflífa.

X. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar, gildistöku, hegningarákvæði, kostnað o.fl.

56. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Húsavíkurkaupstaðar. Hún gildir til eftirbreytni og um þær aðstæður og starfsemi, sem fyrir eru í kaupstaðnum.

57. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

58. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur við þyngri refsing að lögum.

59. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir til að hindra brot gegn samþykktinni greiðist af brotamanninum, eða ef hann er eigi um það fær, úr ríkissjóði.

60. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Húsavíkurkaupstað nr. 33 27. janúar 1972 og öll önnur staðbundin ákvæði, sem kunna að brjóta í bága við samþykkt þessa.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, nr. 1 3. janúar 1890 staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. desember 1987.

Jón Sigurðsson.

Ólafur W. Stefánsson.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Garðakaupstað.

I. KAFLI

Um reglur og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Uppþot eða óspektir mega ekki eiga sér stað á almannafæri. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferð eða til óþæginda fyrir vegfarendur. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætlað er til almenningsafnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur, skeiðvelli, íþróttavelli, útivistarsvæði, fjárréttir, markaði og opinber uppboð.

Um kvikmyndahús, leikhús, veitingastaði og önnur samkomuhús, almennar knattborðsstofur, leiktækjasali, afgreiðslustaði bifreiða og kvöldsölur gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr verslana, samkomuhúsa eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skal raða sér þannig, að þeir sem fyrstir koma fái fyrstir afgreiðslu. Við slík tækifæri skulu menn í öllu haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast án, né hafa í frammi hávaða eða móðgandi háttalag, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur eða þá sem búa í nágrenninu.

4. gr.

Skipulagðar skruðgöngur, mótmæla- og kröfugöngur og útifundi ber að tilkynna til lögreglunnar og skulu þátttakendur hlýta fyrirmælum lögreglunnar svo að gæta megi góðrar reglu og umferðaröryggis.

5. gr.

Bannað er að hafast nokkuð það að, sem raskar næturró manna, og enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllu, hringja síma, eða hafast neitt það að, sem veldur ónæði.